

Ardaflex Marmor

Hvítt flex flísalím

Notkunarsvið.

Ardaflex marmor hraðþornandi flísalím, er ætlað til límingar á viðkvæmum marmara eða náttúrustein sem gæti litast af venjulegum flísalímum.

Ardaflex marmor má nota úti sem inni, efnið er frostþolið og má vera í votrymi. Mjög stuttur þurktími gerir kleift að fúga eftir ca 3klst.

Kostir.

- Mikill styrkur (högg og togþol)
- Hvítt efni sem litar ekki
- Mjög stuttur þurktími (3 klst)
- Lágt krómínnihald samkv. TRGS 613
- Uppfyllir kröfur C2 samkv. EN 12004-02
- Má nota í votrymi
- Má nota yfir gólfhitalagnir
- Má nota úti (frost og vatnsþolið)

Tæknilegar upplýsingar.


Litur:	Hvítur
Vinnslutími:	30-40 min (fer eftir hitastigi)
Vatnsmagn í poka:	6L vatn í 25kg poka.
Verkfæri:	Tenntir flíspaðar
Efnisnotkun:	1,5-3kg/m ² eftir stærð flíspaða
Vinnsluhiti:	+5°C til +25°C
Opnunartími:	15 mín m.v. 20°C
Fúgun:	Eftir ca 3klst. (fer eftir hitastigi)
Gönguhæft:	Eftir ca 3klst
Full umferð:	7 dagar (Skólar, iðnaður o.s.fr.)
Hitapol:	80°C
Giscode:	ZP 1
Geymsla:	6-12mán. þurrt og kalt.
Pakkingastærð:	25kg

Undirlag.

Undirlagið skal vera hreint og laust við lausan múr, sementslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi sem komið geta í veg fyrir góða viðloðun. (DIN 18157 kafli 1) Nýsteypt gólf þurfa að hafa náð fullri hörðun. (ca 48 dagar). Ef undirlag er mjög ójafnt þarf að slétta það, annaðhvort með flötun eða spörtlun.

Ef líma þarf á lakkað gólf / vegg, skal slípað yfir með sandpappír og lakkið mattað. Grunnið síðan með Ardál Ardapren (Ath. best er að fjarlægja alla málningu og líma beint á steiptan flötinn ef því verður við komið) Ef undirlag er mjög rakadrægt þarf að tvígrunna með Ardál Grundfestiger.

(Ráðfærið ykkur við sölumenn ef í vafa)



Undirbúningur.

Grunnið með Ardál Grundfestiger á rakadrægt undirlag, eða Deka Akryl á þétt lokað undirlag. Í votrymum þarf að kvoða yfir grunninn með Ardál Flexdicht. Ef leggja á flisar undir vatnsyfirborð, eða úti, svo sem á sundlaugar, svalir, stéttar o.s.fr. þarf að kvoða með Ardalon K2. (Sjá viðeigandi leiðbeiningar)

Ásetning.

Blandið 6L af vatni í 25kg poka af flísalími og hrærið vel með hæggengri borvél þar til efnið er kekkjalaust og réttir þjálni er náð. Látið standa í 3- 5mín og hrærið aftur. Notið tenntan flíspaða til að dreifa efninu. Smyrjið því fyrst á með sléttu hliðinni og skafið síðan til með tenntu hliðinni til að fá rétta dreifingu. Gætið þess að smyrja ekki á of stóran flöt í einu. Ef skán byrjar að myndast á líminu, þarf að skafa það af og leggja nýtt lím. Þrýstið síðan flísinni í límið og nuddið henni vel í til að tryggja að hún fái nægilega góða viðloðun. Athugið reglulega með því að plokka upp nýlagða flís, hvort límið dreifist ekki nægilega vel á bakhliðina. Í sumum tilfellum getur þurft að smyrja lími bæði á undirlag og bakhlið á flís. Eftir að flís er lögð í lím, þá er hægt að laga hana til í 10-15mín(eftir hitast.) eftir það nær flísin ekki fullri viðloðun aftur ef hún er hreyfð.

ATH um fúgabreidd og val á tannastærð flíspaða skal leita upplýsinga hjá sölumönnum flísa

Aðgæsla.

Með raka eða vatni, virkar efnið eins og önnur múrefni, ertandi á húð, slímhimnu í augum og öndunarvegi. Það er því ráðlagt að nota hlífðarbúnað við hæfi, s.s. rykgrímur, hanska og öryggisgleraugu.

Annað.

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi skal eingöngu líta á ofangreindar upplýsingar sem leiðbeinandi. Leitið alltaf upplýsinga og ráða hjá sölumönnum ef í vafa.

MÚRBÚÐIN